

Alþingi
Erindi nr. P 131/1740
komudagur. 29.4. 2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2005.

Efni: Frv. til laga um Ríkisútvarpið sf. (643. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur margoft látið í ljós þá skoðun að reglur um samkeppni þjóni ekki tilgangi sínum fyrr en ríki og sveitarfélög dragi úr þeim rekstri sínum sem keppir við einkaaðila og hindrar þannig aðgang að markaðinum. Þess vegna hefur Verslunarráð mælt fyrir því að starfsumhverfi ríkisfjölmíðlanna verði endurskoðað. Hefur ráðið einkum lagt það til að RÚV verði gert að hlutafélagi með það að markmiði að selja að minnsta kosti hluta þess. Ofangreint frumvarp miðar vissulega að því að breyta rekstrarfyrirkomulagi RÚV. Verslunarráð telur þó að ýmislegt orki þar tvímælis bæði hvað varðar almenna stefnumörkun sem sett er fram með frumvarpinu og einnig einstakar greinar frumvarpsins.

Svo virðist sem helsta markmiðið með frumvarpsinu sé að nýta þá kosti sem félagarekstri fylgir. Í þeim tilgangi er lagt til að ríkisstofnunin RÚV verði gerð að sameignarfélagi. Verslunarráð telur nokkra hættu fylgja slíkri hugtakanotkun sem ekki er í fullkomnu samræmi við raunveruleikann. Samkvæmt frumvarpinu verður rekstur RÚV eftir sem áður á ábyrgð ríkisins um það sem mestu máli skiptir, nefnilega fjármálin. Hins vegar er hætt við, eins og frumvarpið reyndar gerir einnig ráð fyrir að nokkru leyti, að stofnunin sjálf og skattgreiðendur gleymi þessum tengslum og stofnunin fari í kjölfarið að lifa óeðlilega sjálfstæðu lífi hvað keppni við einkaaðila varðar. Verslunarráð leggur á það áherslu að breyting á rekstrarformi ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana er ekki markmið í sjálfu sér. Slíkri breytingu þarf að fylgja skýr framtíðarsýn um minnkandi afskipti ríkisins af rekstrinum. Verslunarráð telur að ofangreindu frumvarpi fylgi ekki slík framtíðarsýn, heldur jafnvel þvert á móti.

Verslunarráð vill að öðru leyti gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins ef það má verða til þess að skýra það sem hér áður segir:

1. gr.

Verslunarráð dregur í efa að sameignarfélagsformið sé hentugra en hlutafélagsformið. Burtséð frá því þá mælir Verslunarráð eindregið með því að með lögnum verði veitt heimild til sölu á hluta RÚV, t.d. Rás tvö.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

3. gr.

Í greininni er hlutverk RÚV skilgreint afar ítarlega. Orkar hér margt tvímælis. Má skilja síðasta málslið **3. tl.** þannig að á RÚV sé lögð sú skylda að nota ávallt nýjustu mögulegu tækni sem völ er á. Er hætt við að ákvæðið hafi ófyrirsjáanlegan kostnað í för með sér. Í **9. tl.** er óþarflega opin tilvísun til eðlilegra þarfa minnihlutahópa og það sama má segja um efni **10 tl.** Þá er **14. tl.** og **16. tl.** greinarinnar algerlega ósamrýmanlegir meginreglum samkeppnisréttar. Verslunarráð leggst alfarið gegn því að RÚV sé það sett sem sérstakt hlutverk að standa að viðtækum útgáfumálum og almennu skemmtanahaldi.

5. og 6. gr., III. kafli

Að mati Verslunarráðs er með þessum kafla verið að opna fyrir viðtækan ríkisrekstur. Hér er mikilvægt að hafa í huga að með frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir því að RÚV verði ríkisfyrirtæki og ekki eru áform uppi um breytingar þar á. Þess vegna er það óásættanlegt af hálfu atvinnulífsins að RÚV verði heimilt með þessum hætti að hasla sér völl á ýmsum þeim sviðum sem fjölmargir einkaaðilar eru á nú þegar. Skiptir engu þótt í 6. gr. sé gert ráð fyrir einhvers konar fjárhagslegum aðskilnaði þess sem kallað er rekstrarfé og þess fjár sem rennur til rekstrar samkvæmt 6. gr. Engar vísbendingar eru um það með hvaða hætti frumvarpshöfundar sjá fyrir sér að RÚV fjármagni þátttöku í nýrri starfsemi ef ekki með rekstrarfé sínu.

Verslunarráð leggur til að kafliinn falli brott.


7. gr.

Meðal annars eftir ábendingu Verslunarráðs um árábil hefur sá háttur verið hafður á undanfarin ár að fjármálaráðherra fer með hlutabréf ríkisins í hlutafélögum í eigu ríkisins, en ekki viðkomandi fagraðherra. Hljóta sömu sjónarmið að gilda í þessum tilviki.

Verslunarráð leggur til að í stað menntamálaráðherra standi fjármálaráðherra.

Að öðru leyti hefur Verslunarráð ekki skoðun á tillögum að nýju stjórnskipulagi RÚV en áréttar að samkvæmt frumvarpinu er heyrir starfsemi RÚV áfram undir ríkisrekstur og samkvæmt því hlýtur að vera eðlilegt að gera ráð fyrir afskiptum lýðræðislegra kjörinna fulltrúa af starfseminni.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.